

Vegagerðin
Borgartúni 5-7
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. maí 2015
Tilvísun: 2015050007/21.3
Verknúmer: 1043000

Efni: Leyfi vegna breytingar á árfarvegi vegna efnistöku úr námu á áreyri Hvítár við Bjarnastaði.

Orkustofnun vísar til erindis Vegagerðarinnar dags. 29. apríl sl., umsókn um leyfi vegna breytingar á árfarvegi vegna efnistöku úr námu á áreyri Hvítár við Bjarnastaði.

Orkustofnun fer með stjórnýslu vatnamála, sbr. 143. gr. vatnalaga nr. 15/1923

Orkustofnun hefur kynnt sér fyrirbyggjandi gögn með umsókninni, sem er leyfisskyld sbr. 2. mgr. 7. gr. vatnalaga vegna breytingar á árfarvegi vegna efnistöku úr námu á áreyri Hvítár við Bjarnastaði.

Gert er ráð fyrir að efnistaka úr námunni fari fram á tímabilinu maí til og með júlí 2015. Úr námunni er fyrirhugað að taka um 25 þús. m³. Framkvæmdin er ekki matsskyld, sbr. ákvæði 2.03 1. Viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.


Efnistökuastaðurinn er á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, (Fastanúmer 17085).

Orkustofnun fellst á að bakkar Hvítár í landi Bjarnastaða á 80 m kafla, frá st. 9640-9720 (sbr. uppdráttur sem fylgdi umsókninni) verði rofvarðir.

Afstaða landeiganda, Veiðifélags Hvítár og Norðlingafljóts og Veiðimálastofnun liggja fyrir í málinu.

Með vísan til 143. gr. vatnalaga fellst Orkustofnun á umrædda umsókn vegna fyrirhugaðrar endurbyggingar Hvítársíðuvegar (523) um Bjarnastaði og Reykholtisdalsvegur um Brúarás.

Virðingarfyllst
f. h. orkumálastjóra



Skúli Thoroddsen



Linda Georgsdóttir

Afrit sent til:
Fiskistofa